

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 21. maí 2026 í máli nr. 82/2026

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Leifsdóttir lögmaður, Hildur Ýr Viðarsdóttir lektor og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa hefur mótttekið beiðni frá X („sóknaraðili“), dags. 30. apríl 2026, um að kæruneftndin taki mál nr. 2604002 upp að nýju. Var málinu vísað frá kæruneftndinni af ritara nefndarinnar þann 8. apríl 2026 á þeim grundvelli að ágreiningur málsins félli ekki undir gildissvið laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála. Í ákvörðun ritara kom fram að ekki liggi fyrir sölu- eða þjónustusamningur milli aðila í málinu í skilningi laga nr. 81/2019. Þá kom fram að starfsemi varnaraðila teljist til þjónustu í almannabágu sem sé ekki af efnahagslegum toga, sbr. c. lið 2. mgr. 3. gr. laganna og ætti því málið ekki undir lögsögu kæruneftndarinnar.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga. Samkvæmt 6. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa getur ritari nefndarinnar tekið ákvörðun um að vísa máli frá þegar augljóst er að mál heyrir ekki undir lögsögu nefndarinnar. Að beiðni neytanda skuli nefndin taka ákvörðun ritara til endurskoðunar.

Í beiðni sóknaraðila kemur fram að hann telji samningssamband hafa stofnast milli sín og [...] á grundvelli greiðslu bifreiðagjalda og kílómetragjalds. Sóknaraðili byggir á því að hann, ásamt öðrum ökumönnum, greiði gjöld til að standa undir þjónustu [...], þar á meðal viðhaldi vega og tryggingu umferðaröryggis. Sóknaraðili telur að vinnubrögð og merkingar af hálfu [...] við uppsetningu lokunarpósts hafi verið áfátt og að það hafi leitt til tjóns á bifreið hans. Byggir sóknaraðili á því að með þessu hafi varnaraðili vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningssambandi aðila.

Líkt og kemur fram í ákvörðun ritara í máli nr. 2604002 taka lög nr. 81/2019 til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, sbr. 3. gr. laganna. Með neytanda er átt við einstakling sem kaupir vöru eða þjónustu gegn endurgjaldi, enda séu kaupin ekki gerð í atvinnuskyni, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Með seljanda er átt við einstakling, félag, opinberan aðila og aðra sem koma fram í atvinnuskyni og gera samninga við neytendur, svo og hvern þann sem í atvinnuskyni kemur fram í umboði eða fyrir hönd seljanda, sbr. 2. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Þá kemur jafnframt fram að í c. lið 2. mgr. 3. gr. sé kveðið á um að þjónusta í almannabágu sem er ekki af efnahagslegum toga sé undanskilin gildissviði laganna. Ákvæðið felur í sér innleiðingu á c. lið 2. mgr. 2. gr. ADR-tilskipunarinnar. Með þjónustu í almannabágu sem ekki er af efnahagslegum toga er átt við þjónustu sem ekki er veitt gegn endurgjaldi. Þjónusta í almannabágu sem

er ekki af efnahagslegum toga, sem innt er af hendi af ríkinu eða fyrir hönd þess án endurgjalds, fellur ekki undir lögin, óháð því í hvaða formi þjónustan er veitt.

Í málinu liggur fyrir að gagnaðili sóknaraðila í málinu er ríkisstofnun sem hefur það hlutverk að byggja upp, viðhalda og reka samgöngukerfi ríkisins, sbr. lög nr. 120/2012. Í c-lið 2. mgr. 3. gr. laga nr. 81/2019 er kveðið á um að lögin taki ekki til þjónustu í almannabágu sem er ekki af efnahagslegum toga. Í lögskýringargögnum er tekið fram að með þessu sé átt við þjónustu sem ekki er veitt gegn endurgjaldi. Viðhald og rekstur opinberra vega er dæmi um slíka þjónustu, enda er hún innt af hendi í þágu almennings og fjármögnuð á grundvelli opinberrar tekjuöflunar, en ekki með beinu samningsbundnu endurgjaldi frá hverjum notanda. Sú staðreynd að [...] sé samkvæmt lögum heimilt að innheimta tiltekin gjöld breytir þeirri niðurstöðu ekki.

Kærunefndin telur ekki unnt að fallast á það með sóknaraðila að greiðsla bifreiðagjalda eða kílómetragjalds feli í sér að samningssamband hafi stofnast milli sóknaraðila og stofnunarinnar. Umrædd gjöld byggja á lagaheimildum og fela í sér lögbundna gjalddöku gagnvart eigendum eða umráðamönnum ökutækja, en ekki endurgjald fyrir tiltekna þjónustu sem veitt er á grundvelli gagnkvæms samnings milli aðila. Verður því ekki talið að gagnkvæmur samningur hafi komist á milli aðila í skilningi 3. gr. laga nr. 81/2019.

Með vísan til alls framangreinds telur kærunefndin ekki unnt að taka afstöðu til ágreinings sóknaraðila og telur hann ekki heyra undir gildissvið laga nr. 81/2019.

III

Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson